

GRÆNT BÓKHALD LANDSPÍTALA 2017

Það helsta af árangri ársins í umhverfismálum



32% TONN TIL ENDURVINNSLU

32% úrgangs fer til endurvinnslu eða 1,5 tonn daglega. Á árinu hófst flokkun glers. Endurvinnsla raftækja og rafeindabúnaðar jókst um 200%.



3 ZIPCAR BÍLAR

3 deilibílar bjóðast starfsmönnum við Hringbraut sem nýta má til einka- og vinnuferða.



LED-VÆÐING

Orkusparnaður vegna LED-væðingar er skýringin á einungis 0.2% aukningu á raforkunotkun milli ára, þrátt fyrir 2 stór ný lækningatæki.



MINNI PAPPÍR

Notkun á pappír dregst áfram saman, um 7% (kg pappír/ stöðugildi).



BÆTT HJÓLAADSTAÐA

Aðgangsstýrt og yfirbyggt hjólaskýli í Fossvogi var tekið í notkun fyrir 40 hjól.



MATARGJAFIR

Óseldur matur gefinn til Samhjalpar.



VISTVÆN INNKAUP AUKAST

Um 60 vistvæn útboð og verðfyrirspurnir á árinu. T.d. 34 vöruflokkar án PVC, DEHP og/eða latex.



Nominated for the Nordic Council Environment Prize 2017


VIÐURKENNINGAR Á ÁRINU

Sustainable healthcare organizer of the year 2017 og tilnefning til umhverfisverðlauna Norðulandaráðs.

ÖFLUGIR STARFSMENN

Hér eru dæmi um hugmyndir starfsmanna sem komu til framkvæmda á árinu:

- Hætt var innkaupum á skoðunarhönskum úr latex og PVC (vinyl) sem eru ofnæmisvaldandi og mengandi.
- Ný sýnplöst án PVC voru tekin í notkun. Nýju plöstin eru umhverfivænni og minnka úrgang. Árlega notar spítalinn um 120.000 sýnplöst.
- Dregið var úr plastpokanotkun í eldhúsi með því að senda ávexti án poka. Þannig sparast árlega um 100.000 pokar.
- Frauðglös eru ekki lengur í boði en pappamál komu í staðinn.
- Samstarf við birgja er um endurnot á kæliboxum og kæligelum.
- Viðarhrætur bjóðast í stað plastskeiða.
- Nú fást einnig pappirslyfjastaup.



Sjá nánar á landspitali.is




MINNA PLAST OG MEIRI ENDURVINNSLA

Á árinu var áberandi umræða um hvernig sporna mætti við notkun plast. Spítalinn hvatti starfsmenn í „Plastlausum september“, nokkrar hugmyndir þeirra voru framkvæmdar. Endurvinnsla á plasti hélt áfram að aukast eða 37% milli ára. Á árinu voru notuð 920 þús. einnota glös á spítalanum eða rúmlega 2500 stk/dag. Á árinu bættust pappaglös í birgðastöð. 39% af glösum voru úr pappa og 61% úr plasti.


KOLEFNISSPOR LANDSPÍTALA - tonn CO₂ (CO₂ ígildi)

Kolefnisspor Landspítala er mælikvarði á heildarlosun gróðurhúsalofttegunda vegna starfseminnar. Reiknað hefur verið með helstu þáttum sem valda losun.




Á árinu jókst kolefnisspor spítalans um 1,7% vegna aukinnar notkunar á svæfingagös, ferðum starfsmanna í og úr vinnu, flugferða og flutninga á mat og lín. Markmið Landspítala er að draga saman um 40% miðað við 2015.

ÚRGANGUR LANDSPÍTALA 2012 - 2017



KOLEFNISSPOR LANDSPÍTALA EFTIR UPPSPRETTUM UMFANG 1, 2 OG 3* (TONN CO₂ ÍGILDI/STÖÐUGILDI)



Útreikningar taka einnig mið af losun vegna úrgangs. * Umfang 1 eru bein áhrif spítalans en umfang 2 og 3 óbein áhrif.

